



## Bæjarstjórn Blönduóssbæjar

### FUNDUR - 15. mars 2005

Bæjarstjórn Blönduóssbæjar kom saman til 61. fundar þriðjudaginn 15. mars 2005 kl. 17:00 í Félagsheimilinu. Forseti bæjarstjórnar, Valgarður Hilmarsson setti fundinn og stjórnaði honum.

Mætt eru undirrituð.

#### Dagskrá:

1. Fundargerð bæjarráðs frá 3. mars 2005.
2. Fundargerð bæjarráðs frá 10. mars 2005.
3. Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar frá 3. mars
4. Fundargerð húsnæðisnefndar frá 7. mars 2005.
5. Fundargerð menningar- og safnanefndar frá 9. mars 2005.

#### Afgreiðslur:

1. Fundargerð 116. fundar bæjarráðs í 7. liðum frá 3. mars sl. kynnt og tekin til afgreiðslu. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.
2. Fundargerð 117. fundar bæjarráðs frá 10. mars sl. kynnt og tekin til afgreiðslu. Fundargerðin er í 7 liðum. Valgarður Hilmarsson gerði tillögu um að frestað verði afgreiðslu á lið 1. b. Tillagan borin upp, hún var samþykkt með 5 atkvæðum, 2 sátu hjá. Þá var fundargerðin að öðru leiti borin upp og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.
3. Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar í 2 liðum frá 3. mars sl. kynnt og tekin til afgreiðslu. Fundargerðin borin undir atkvæði. Hún var samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.
4. Fundargerð húsnæðisnefndar frá 7. mars sl. í 3 liðum kynnt og tekin til afgreiðslu. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.
5. Fundargerð menningar- og safnanefndar í 5 liðum frá 9. mars sl. kynnt og tekin til afgreiðslu. Forseti, Valgarður Hilmarsson gerði tillögu um að afgreiðslu fundargerðarinnar yrði frestað. Tillagan borin upp og samþykkt með 6 atkvæðum samhljóða, 1 sat hjá.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 17:40.

Valgarður Hilmarsson  
Valdimar Guðmannsson  
Ágúst Þór Bragason  
Jóhanna G. Jónasdóttir  
Þórdís Hjálmarsdóttir  
Jóna Fanney Friðriksdóttir  
Hjördís Blöndal  
Sigurður Jóhannesson

Ragnar Ingi Tómasson

